

Breytingartillaga

við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2021.

Frá Andrésí Inga Jónssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Samtals m.kr.
<i>Breytingar á sundurliðun 2:</i>			
32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála			
Við 32.10 Lýðheilsa, forvarnir og eftirlit			
08 Heilbrigðisráðuneyti			
a. Heildarfjárheimild.	3.061,3	280,0	3.341,3
b. Framlag úr ríkissjóði	2.420,1	280,0	2.700,1

Greinargerð.

Gerð er tillaga um 280 millj. kr. framlag til að gera tíðavörur aðgengilegar án endurgjalds fyrir tiltekna hópa. Annars vegar verði séð til þess að öllum nemendum sé tryggt aðgengi að tíðavörum án endurgjalds í grunn- og framhaldsskólum. Hins vegar verði lágtekjufólki gert kleift að nálgast tíðavörur án endurgjalds, t.d. á heilsugæslustöðvum eða í gegnum félagsþjónustu sveitarfélaga. Heilbrigðisráðherra útfæri aðgerðirnar í samstarfi við hlutaðeigandi ráðherra og sveitarfélög.